


Af steypireyðargrind og litlu gulu hænunni



Morgunblaðið 22. október 2014. Teikning ÍVAR.

Í nýjstu ársskýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands helgar forstjórinn, Jón Gunnar Ottósson, pistil sinn málefnum steypireyðarinnar sem rak á land við Ásbúðir á Skaga í ágúst 2010. Undirritaður sér sig knúinn til að drepa niður penna og leiðréttu nokkur atriði í pistli forstjórans, en Náttúruinjasafn Íslands hefur frá upphafi átt beina aðkomu að málinu, jafnt faglega sem fjárhagslega.

Að gefnu tilefni er rétt að taka fram að ég lít svo á að jafn fágætur og einstakur náttúrugripur sem steypireyðurin er, skuli tvímælaust teljast til sameignar þjóðarinnar en ekki sértæk eign ríkisstofnunar. Líta ber á Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúruinjasafn Íslands sem helstu umsjónar- og vörsluaðila steypireyðarinnar.

Litla gula hænna

Pistli forstjóra er skipt í nokkra undirkafla og ber einn þeirra heitið **Steypireyðargrind – litla gula hænna**. Öll þekkjum við siðferðisboðskap sögunnar um litlu gulu hænuna sem er að kenna iðjusemi, dugnað og samstarfsvilja og að sá sem breytir þannig muni uppskera árangur erfiðis síns. Jafnframt varar sagan við leti, heimtufrekju og yfiringangi. Í frásögn forstjórans gegnir Náttúrufræðistofnun Íslands hlutverki litlu gulu hænunnar, sem finnur hræ og annast það af alúð en við mjög takmarkaðar undirtektir. Hinir lötu og heimtufreku, sem ku hafa neitað litlu gulu hænunni um aðstoð við framgang verkefnisins, eru ýmsir aðilar, þar á meðal Náttúruinjasafn Íslands sem forstjórinn telur fyrst upp í þeim hópi. Ónytjungarnir stigu svo fram á sviðið þegar árangur erfiðisins lá fyrir og ætluðu að hrifsa

til sín steypireyðina og stela afrakstrinum frá iðjusömu, litlu, gulu hænunni – Náttúrufræðistofnun Íslands.

Framsetning forstjórans á málsatvikum í búning sögunnar um litlu gulu hænuna felur í sér afbökun á framvindu mála, sem nauðsynlegt er að leiðrétta.

Samstarfsverkefni tveggja ráðuneyta og tveggja stofnana þeirra

Bein aðkoma Náttúruminjasafn Íslands að steypireyðarverkefninu strax í upphafi er staðfest í minnisblaði dags. 31.08.2010 sem ráðherra Náttúruminjasafnsins, þ.e. mennta- og menningarmálaráðherra, og ráðherra Náttúrufræðistofnunar, umhverfisráðherra, lögðu fram í ríkistjórn. Ástæðan fyrir aðkomu Náttúruminjasafnsins er augljós m.t.t. hlutverks safnsins og þess hve einstakur gripur steypireyðurin er, með afar mikið vísinda-, fræðslu- og sýningargildi. Í minnisblaðinu er lagt til að 2 m.kr. verði veitt til að úrbeina hvalinn, hreinsa beinin og koma þeim í geymslu, *enda hafi hvorki Náttúruminjasafnið né Náttúrufræðistofnun fjárhagslegt svigrúm til að takast á við aukaverkefni af þessu tagi*. Þá er einnig greint frá því að ráðuneytin tvö muni hafa samráð við Náttúruminjasafnið og Náttúrufræðistofnun um vistun gripsins til lengri tíma.

Aðkoma Náttúruminjasafnsins er einnig staðfest í minnisblaði mennta- og menningarmálaráðherra og umhverfisráðherra frá 25.10.2011. Þar er lagt til við ríkisstjórnina að hún veiti 3 m.kr. til að greiða leigukostnað fyrir geymslu á beinagrindinni í 2–3 ár. Einnig var lagt til að á geymslutímanum skuli mennta- og menningarmálaráðuneytið, að höfðu samráði við Náttúruminjasafn Íslands og Náttúrufræðistofnun, kanna kosti þess að setja upp steypireyðina í Hvalasafninu á Húsavík og hafa hana **þar til Náttúruminjasafn Íslands verði komið í framtíðarhúsnæði** (leturbr. mín).

Undirbúningur sýningarhalds í Perlunni

Á vegum Náttúruminjasafnsins hófst vinna við fyrirhugað sýningarhald í Perlunni um mitt ár 2012 og var gert ráð fyrir að beinagrind steypireyðarinnar yrði þungamiðja í sýningunni. Ríkið, f.h. Náttúruminjasafnsins, og Reykjavíkurborg gerðu með sér samning 13. mars 2013 til 15 ára um leigu á Perlunni fyrir Náttúruminjasafnið og komst skriður á verkefnið vorið 2013 þegar fé var veitt á fjárlögum og undirritaður verkefnaráðinn til að sinna hönnun og mótun náttúrusýningarinnar. Eftir að undirritaður var skipaður forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands 1. september 2013 var enn aukin áhersla lögð á málið.

Allt árið 2014 og langt fram á haust 2015 hélt undirbúningsvinna áfram í Perluverkefninu. Allan þennan tíma stóð húsnæðið í Perlunni Náttúruminjasafninu til boða og jafnframt litið á steypireyðina sem krúnudjásni í sýningarhaldinu. Forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands og staðgengill hans voru upplýstir um gang mála, enda eðlilegt þar sem steypireyðurin og aðrir munir í vörslu NÍ áttu að verða hluti af sýningunni. Umtalsverðu fé var kostað til þessarar vinnu á umræddu tímabili, lauslega áætlað 5–6 m.kr., fyrir utan vinnutíma forstöðumanns Náttúruminjasafnsins. Náttúruminjasafn Íslands greiddi þennan kostnað og kom Náttúrufræðistofnun Íslands þar hvergi nærri.

Þá skal því haldið til haga, sem forstjórinn sleppir í pistli sínum, að Náttúrufræðistofnun fór fram á það sumarið 2013 við Náttúruminjasafn Íslands að það tæki að sér að standa straum af varðveislu beggja skíða steypireyðarinnar þar til þau yrðu forvarin í tengslum við sýningu. Náttúruminjasafnið varð við þessari beiðni og í rúm tvö ár, fram á haust 2015, greiddi Náttúruminjasafnið tæpar 600 þús. kr. fyrir frystigeymslu skíðanna.

Straumhvörf á kjördæmisþingi

Eins og að framan greinir var lagt upp með samráð og samstarf aðila. Það gekk eftir framan af, m.a. milli Náttúruminjasafnsins og Náttúrufræðistofnunar. Segja má að straumhvörf hafi orðið 18. október 2014 þegar Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, þáverandi forsætisráðherra, tilkynnti á kjördæmisþingi

Framsóknarflokksins að beinagrind steypireyðarinnar yrði sett upp og höfð til sýningar í Hvalasafninu á Húsavík. Ákvörðunin var gerð að Náttúruminjasafni Íslands forspurðu og kom starfsfólki í mennta- og menningarmálaráðuneytinu einnig spáskt fyrir sjónir. Forstjóri Náttúrufræðistofnunar kom líka af fjöllum aðspurður í fjölmiðlum um vitneskju sína og aðkomu umhverfisráðuneytis að ákvörðuninni. Nú heldur forstjórinn því hins vegar fram í pistli sínum að bæði ráðuneytin; ráðuneyti Náttúrufræðistofnunar og ráðuneyti Náttúruminjasafnsins, hafi tekið ákvörðunina. Þá ber að leiðrétta forstjóran með tímasetningu ákvörðunarinnar, hún var ekki tekin í árslok 2014 heldur í október 2014.

Hér skipta tímasetningar máli því þrátt fyrir tilkynningu forsætisráðherra í október 2014 og þvert á staðhæfingu forstjórans um að í árslok 2014 hafi legið ljóst fyrir að „allar tilraunir Náttúruminjasafnsins til að koma upp veglegri sýningu í Perlunni hafi strandað á húsnæðisleysi og peningaskorti.“, þá var allt árið 2014 og langt fram á haust 2015 unnið á vegum Náttúruminjasafnsins í Perluverkefninu með fulltingi mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Perlan – framtíðarhúsnæði

Frá miðju ári 2012 og fram á haust 2015 stóð yfir undirbúningsvinna á vegum Náttúruminjasafnsins í Perluverkefninu þar sem gert var ráð fyrir sýningarhúsnæði til framtíðar og að eitt helsta aðdráttaraflið yrðu margnefnd steypireyðarbein. Verkefninu var haldið áfram þrátt fyrir að fyrir lægi í árslok 2013 að núverandi ríkisstjórn ætlaði ríkinu ekki að fjármagna verkefnið á neinn hátt. Í staðinn tókst Náttúruminjasafninu að fá utankomandi fjárfesti að borðinu um áramótin 2013–2014 og var hann reiðubúinn að kosta miklu til við uppsetningu og rekstur sýningarinnar. Nýr mennta- og menningarmálaráðherra, Illugi Gunnarsson, dró aftur á móti á langinn að bregðast við umleitunum Náttúruminjasafnsins og fjárfestisins, en svaraði þó loks á jákvæðum nótum 6. mars 2015 eftir um hálf árs bið.

Með hliðsjón af viðbrögðum ráðuneytisins í mars 2015 verður ekki annað sagt en að staðhæfingar forstjóra Náttúrufræðistofnunar um að í árslok 2014 hafi verið ljóst að Náttúruminjasafnið „hefði hvorki húsnæði né fjárhagslega burði til að sýna beinagrind steypireyðarinnar“... og „að mennta- og menningarmálaráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra hafi í kjölfarið ákveðið að beinagrind steypireyðarinnar yrði höfð til varðveislu hjá Hvalasafninu á Húsavík“ séu úr lausu lofti gripnar.

Í kjölfar viðbragða ráðuneytisins 6. mars 2015 bar aftur á móti svo við að fjárfestirinn sagði sig frá verkefninu – hafði misst biðlundina og bar við seinagangi og áhugaleysi í ráðuneytinu. Það tókst hins vegar fljótlega að fá fjárfestinn aftur að borðinu og enn var reynt við ráðherrann og honum afhent viljayfirlýsing aðila 18. júní 2015. Með viljayfirlýsingunni var leitað eftir samþykki ráðherra fyrir þátttöku Náttúruminjasafnsins í að þróa Perluverkefnið áfram með Reykjavíkurborg og fjárfestinum, án fjárskuldbindinga fyrir ríkið.

Viðbrögð úr ráðuneytinu við þessari viljayfirlýsingu lofuðu góðu til að byrja með og allt fram á haust 2015 var upplýst að málið væri í skoðun. Við þetta má bæta að af hálfu Reykjavíkurborgar stóð Perlan Náttúruminjasafninu enn til boða haustið 2015 sem framtíðarhúsnæði. Með hliðsjón af stöðu mála sumarið og haustið 2015 skal ítrekað að áður nefndar staðhæfingar um að Perluverkefni Náttúruminjasafnsins hafi strandað á húsnæðisleysi og fjárskorti og endað daga sína í árslok 2014, eru ekki sannleikanum samkvæmt.

Epli og appelsínur

Um fjöllum forstjórans um kostnaðarmat Náttúruminjasafnsins varðandi uppsetningu á beinagrind steypireyðarinnar í Perlunni er á mælisverð. Hann nefnir töluna 35–50 m.kr. frá Náttúruminjasafninu (kostnaðarmat sem fyrst var sett fram haustið 2013 og síðast uppfært í september 2014) og ber saman við mat Náttúrufræðistofnunar við að setja beinagrindina á stöpla, sem haustið 2011 hljóðaði

upp á um 21 m.kr. (25 m.kr. framreiknað til 2014). Hér er ólíku saman að jafna. Í kostnaðarmati Náttúruminjasafnsins var gert ráð fyrir kostnaði við hönnunar- og verkfræðiráðgjöf vegna sýningarinnar, ljósabúnaði, hljóðbúnaði, margmiðlunartækjum o.fl., sem alls svaraði til 50% af heildarkostnaðarmati Náttúruminjasafnsins, þ.e. 15–25 m.kr. Í mati Náttúrufræðistofnunar var ekki reiknað með framangreindum þáttum. Ef einungis er horft til kostnaðar vegna forvörslu, viðgerða og uppsetningar á beinagrindinni þá er niðurstaðan keimlík hvor leiðin sem farin er – uppsetning á stöpla eða upphenging, þ.e. um 25 m.kr.

Enda þótt gæta verði hagkvæmni við meðferð opinbers fjár má ekki gleymast að ekki er allt fengið með því að gera hlutina á ódýrastan hátt. Huga verður að smekkvísi, virðingu fyrir gripnum og siðferðilegum álitamálum sem tengjast umgengni við stærsta dýr jarðar fyrr og síðar, afar sjaldgæfa lífveru og viðkvæma gagnvart umsvifum mannsins. Þá ber einnig að horfa til þess að á móti kostnaði kemur endurgjald sem gera má ráð fyrir að fylgi tilkostnaðinum á jákvæðan hátt, a.m.k. ef vel er vandað til verksins.

Málinu er ekki lokið

Í lok pistils síns upplýsir forstjórinn að Náttúrufræðistofnun hafi í október 2015 gert tímabundinn varðveislusamning við Hvalasafnið um sýningu á beinagrind steypireyðarinnar. Sá samningur var gerður án samráðs við Náttúruminjasafnið, þvert á samkomulag stofnananna frá því í janúar 2015 um að Náttúruminjasafnið skyldi hafa forgöngu um hugsanlega varðveislu steypireyðarinnar í Hvalasafninu og þvert á orð mennta- og menningarmálaráðherra á alþingi í nóvember 2014 um að það verði verkefni Náttúruminjasafns Íslands að gera varðveislusamning við Hvalasafnið á Húsavík.

Ljóst er að tilteknum kafla í steypireyðarmálinu er lokið – beinagrindinni hefur verið komið í hús til bráðabirgða norður í landi hjá Hvalasafninu. Í ákvörðuninni sem forsætisráðherrann fyrrverandi tilkynnti upplýsti hann jafnframt að steypireyðurin færi suður yfir heiðar aftur þegar Náttúruminjasafn Íslands hefði til umræða viðunandi framtíðarhúsnæði til sýningahalds. Það húsnæði hefur verið og er fyrir hendi, sem er Perlan. Náttúruminjasafn Íslands hefur einsett sér að þegar fjárheimildir þess leyfa muni það leita samráðs við Náttúrufræðistofnun Íslands um það verkefni.

Reykjavík, gert í maí 2016,
Hilmar J. Malmquist forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands